

COVID-19 MEÐGANGA OG BRJÓSTAGJÖF

Margt er enn óljóst hvað varðar hegðun, smit og sýkingaáhrif Covid-19.

COVID-19 virðist ekki leggjast sérstaklega á barnshafandi konur eða nýfædd börn. Það sem vitað er nú um veiruna og áhrif á barnshafandi konur er að veiran getur leitt til öndunarfærasýkingar hjá móður en berst ekki til fósturs. Veiran leiðir ekki til fósturláta svo vitað sé eða smitar fóstur á meðgöngu.

Barnshafandi kona sem er með alvarlegan undirliggjandi sjúkdóm getur verið í meiri hættu á að fá lungnabólgu eða aðra fylgikvilla.

Það sem nú þegar er vitað kemur skýrt fram á vef Embættis Landlæknis og er þar jafnframt að finna allt er lýtur að smitvörnum og almennum leiðbeiningum <https://www.covid.is/>

Einnig eru góðar upplýsingar hjá Heilsugæslunni:

<https://www.facebook.com/watch/?v=221429438982082>

Góðar upplýsingar er að finna á vef Landspítala sem snerta barnshafandi konur og fæðingarþjónustu:

<https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/hagnytar-upplýsingar/sykingavarnir-/spurt-og-svarad-um-covid-19-medganga-og-faeding/>

Á öðrum fæðingarstöðum geta gilt aðrar reglur vegna covid. Rétt er að hafa samband þangað til að fá nánari upplýsingar.

Öllum er skylt að kynna sér leiðbeiningar um smitvarnir.

SMITVARNIR

Sömu leiðbeiningar gilda í stórum dráttum fyrir barnshafandi konur og konur með barn á brjósti og gilda fyrir almenning.

Skynsamlegt er að halda góðri fjarlægð frá öðrum og gæta vel að hreinlæti.

Gert er ráð fyrir að kona komi í mæðravernd án fylgdarmanns. Ekki ætti að mæta í bókaðan tíma ef konan hefur einhver einkenni eins og kvef, hósta eða hita heldur láta vita af því símleiðis. Sama gildir um ómun, aðrar skoðanir og komu á fæðingadeild. Einn aðstandandi má vera með í fæðingu ákveðinn tíma en fer eftir eftir reglum viðkomandi fæðingastaða. Konan dvelur ein með barni sínu á fæðingarstofnun fram að heimferð eftir fæðingu.

Frá 36. viku meðgöngu er æskilegt að halda sig sem mest heima. Ástæðan er ekki sú að konan sé í aukinni hættu á að fá Covid smit/sjúkdóm heldur bæði til að minnka líkur á því að smitast og til að draga úr líkum á því að smita heilbrigðisstarfsfólk. Það er mikilvægt að vernda starfsemi fæðingadeilda eins og hægt er og minnka líkur á því að kona sé smituð þegar hún kemur í fæðingu.

Mikilvægt er að draga úr gestakomum til að forðast smit.

KONUR Í SÓTTKVÍ

Barnshafandi konur sem ættu að fara í mæðraskoðun á þeim tíma sem sóttkvíin varir geta haft samband við sína heilsugæslustöð og fengið símtal við ljósmóður og fyrirkomulag mæðraverndar skipulagt .

Barnshafandi konur sem byrja í fæðingu eiga að hafa samband við fæðingadeild og láta vita að þær séu í sóttkví.

SMIT EÐA GRUNUR UM SMIT

Allar konur sem eru í sóttkví og fá einkenni eru meðhöndlaðar þegar þær koma í fæðingu eins og um smit sé að ræða.

Smitaðar konur verða í umsjón lækna á Landspítalanum. Ef þær þurfa skoðun er það gert í samráði við þá lækna sem annast konuna.

Mikilvægt er að hringja á fæðingadeild og láta vita af einangrun þegar fæðing hefst en ekki koma beint á deildina.

BRJÓSTAGJÖF

Á þessum tímapunkti eru ekki til heimildir um að vírusinn geti borist í brjóstamjólk. Jákvæð heilsufarsáhrif brjóstagjafar eru vel þekkt og vega upp á móti mögulegri áhættu á smitun á COVID-19 í gegnum brjóstamjólk.

Gæta þarf sérstakrar varúðar við brjóstagjöf og umönnun barnsins. Góður handþvottur er mjög mikilvægur. Alltaf skal þvo hendur fyrir brjóstagjöf og áður en pumpur og pelar eru meðhöndlaðir. Aðaláhættan við brjóstagjöf er nán snerting milli móður og barns þar sem loftbornir dropar geta borist frá móður til barns. Því er auk þess æskilegt að vera með maska fyrir vitum við brjóstagjöf og forðast kossa ef móðirin er með einhver einkenni. Muna að hósta/hnerra í olnbogabót eða vasaklút en ekki í hendur.